

Umsögn um húsnæðisvanda Listaháskóla Íslands

143. mál, þingsályktunartillaga
146. löggjafarþing 2016 – 2017
4. apríl 2017, Reykjavík



Landssamtök íslenskra stúdentanna fagna því að komin sé fram þingsályktunartillaga sem tekst á við húsnæðisvanda Listaháskólans og lýsa yfir stuðningi við hana. Húsnæðiskostur Listaháskólans hefur verið óviðunandi frá upphafi reksturs árið 1999, eða í átján ár, þar sem margar hugmyndir um húsnæðisúrræði hafa komið fram á yfirborðið en aldrei til neinna framkvæmda komið.


Líkt og kemur fram í þingsályktunartillögunni, er Listaháskóli Íslands dreifður í fjögur húsnæði sem búa yfir misjöfnum kosti; engin kynding er á sumum stöðum, pípulagnir eru ónýtar á öðrum og hafa tvö húsnæði ekkert aðgengi fyrir hreyfihamlaða sem veldur því að skólinn getur ekki boðið upp á jafnan rétt til náms. Í núverandi húsnæði skólans geta hreyfihamlaðir einstaklingar hvorki sótt nám í tónlist, sviðslist, myndlist eða listkennslu með viðunandi hætti. LÍS, sem sameinuð rödd allra stúdentanna, sem ber hag allra stúdentanna fyrir brjósti burtséð frá bakgrunni eða aðstæðum, getur ekki liðið slíkar kringumstæður. Bókasafn skólans hefur, vegna niðurskurðar, þurft að færa sig til og er nú einungis niðurkomið í tveimur byggingum, fjarri stórum hluta nemenda. Einnig hefur niðurskurður orðið til þess að skólinn getur ekki lengur rekið eigið mötuneyti, heldur hefur þurft að leita til utanaðkomandi aðila til þess að sjá um rekstur.

Nú hefur staðfesting fengist á því að í einu húsnæði Listaháskólans er húsasótt, en 27. mars, fékkst staðfesting á myglusveppi í húsnæði tónlistar- og sviðslistabrauta á Sölvhólsgötu. Á meðan það er jákvætt að loks sé komin staðfesting á því sem nemendur og starfsfólk skólans hafa haldið frammi í lengri tíma, þá hefur þetta í för með sér tafalausa lokun á hluta húsnæðis skólans og þar af leiðandi húsnæðisleysi kennslu og æfinga innan þeirra deilda sem þar eru. Þetta þýðir að nemendur sem sækja bakkalár- og meistaranám í tónlist þurfa nú að leita á náðir tónlistarskóla og í heimahús sín á milli til þess eins að geta haldið störfum sínum áfram. Það er með öllu ólíðandi að svona sé komið fyrir starfsemi skólans, sem hefur lengi barist fyrir að ná til eyrna yfirvalda vegna aðstöðu sinnar.

Sameining allra deilda í eitt húsnæði ætti að vera markmið í húsnæðismálum Listaháskólans, en slík úrlausn myndi ekki einungis styðja við þverfaglegt samtal á milli deilda, sem er gríðarlega mikilvægt í skapandi námi, heldur myndi það einnig leiða til betri og hagkvæmari samnýtingu á kröftum og fjármagni skólans sem væri þá hægt að nýta til enn öflugri uppbyggingar á námi og námsframboði. Með slíkri lausn yrði skólanum fært að sameina bókakost sinn og að reka stakt mötuneyti á einum stað fyrir allar deildir þar sem nemendum og starfsfólki yrði gert kleift að sameinast í samræðum um daglega þætti listalífsins og að skiptast á þekkingu utan kennslustunda. En það er einmitt í slíkum kringumstæðum sem viðbótarstarf og -fræðslumiðlun eiga sér stað og skila sér í sterkara starfi stofnunarinnar og eflir samstöðu og samskipti innan lista- og menningarheims hins íslenska samfélags. Með sameiningu allra deilda í eitt viðunandi húsnæði myndi skapast miðstöð skapandi greina, sem væri fær um að skila af sér til baka í ört vaxandi samfélag með mun meiri krafti en áður.

Það er öllu háskólasamfélaginu og stúdentum landsins til hagsbóta að Listaháskóli Íslands hljóti viðunandi húsnæði, en sem eina háskólastofnun landsins sem býður upp á list- og hönnunarnám á háskólastigi er gríðarlega mikilvægt að hlúð sé að aðbúnaði skólans með viðunandi hætti. Fjölbreytni og flóra er forsenda blómlegs samfélags þar sem þverfagleg samskipti á öllum sviðum geta átt sér stað og er innlegg Listaháskólans, sem þjónar sem uppspretta starfssemi og fræða í skapandi greinum, gríðarlega mikilvægur hluti af því. Landssamtök íslenskra stúdenta lýsa yfir stuðningi við þingsályktunartillöguna og hvetja til þess að farsæl lausn á húsnæðisvanda Listaháskóla Íslands verði fundin sem allir mega njóta hags af til langframa.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta



David Erik Mollberg, formaður.